

1 hillu

1



172



Rafmagnsstofla f. Ríkisins

Reykjanesveita

Rannsóknir á spennum
og vörugildabrékum líf-
spennuveitna

1443

R E Y K J A N E S V E I T A

Rannsókn á spennum og
víragildleikum háspennuveitna.

eftir
Olaf Tryggvason

Reykjavík, í október 1943

- i -

Efnisyfirlit:

| | |
|---|------|
| 1. hluti: <u>Keflavíkurveita.</u> | Bls. |
| I. Inngangur | 1 |
| II. Aflþörf | 1 |
| III. Spenna og víragildleiki háspennulínunnar | 3 |
| IV. Aðalspennistöðvar | 13 |
| V. Niðurstöður um háspennuveitu til Keflavíkur | 16 |
| 2. hluti: <u>Grindavíkurveita:</u> | |
| I. Inngangur | 23 |
| II. Aflþörf | 23 |
| III. Háspennulínan. Spennur og víragildleikar | 23 |
| IV. Aðalspennistöðvar | 27 |
| V. Niðurstöður | 29 |
| 3. hluti: <u>Sandgerðisveita.</u> | |
| I. Inngangur | 31 |
| II. Aflþörf | 31 |
| III. Háspennulína frá Keflavík til Sandgerðis | 32 |
| IV. Spennistöðvar | 37 |
| V. Niðurstöður | 38 |
| 4. hluti: <u>Hafnaveita</u> | 42 |
| 5. hluti: <u>Voga- Vatnsleysustrandarveita.</u> | 46 |
| <u>Yfirlit (Resumé)</u> | 47 |

- ii -

Línurit:

Línurit 1: Hagkvæmustu mestu álög Keflavíkurlínu, miðað við mismunandi verð raforkunnar.

" 2: Verð spennistöðva af ýmsum stærðum, með 1, 2 eða 3 spennum í hverri stöð.

R E Y K J A N E S V E I T A
= = = = = = = = = = = = = = = =

1. hluti:

KEFLAVÍKURVEITAI. INNGANGUR.

Í greinargerð þeirri, sem hér fer á eftir, er tekin til rannsóknar, nver muni vera hagkvæmust tilhögun háspennuveitu suður Reykjanesskaga til Keflavíkur.

Háspennuveitu þessa, frá Hafnarfirði til Keflavíkur, ber að skoða sem fyrsta hluta veitu, er greinist síðar til ýmissa annara staða á skaganum, eftir því sem þörf krefur og aðstæður kunna að leyfa. Með tilliti til þessa er rétt að áætla veituna þegar í upphafi þannig:

1. að veitan geti með sem minnstum viðbótarkostnaði mætt þeim aukningum, sem vænta má að verði síðar á rafmagnsnotkuninni, bæði í Keflavík og annars staðar á Reykjanesskaga, og
2. að byrjunarkostnaði veitunnar verði þó stillt í hóf, eftir því sem fært er, til þess að tryggja sem besta rekstursafkomu fyrst, meðan rafmagnsnotkunin er ennþá hlutfallslega lítil.

II. AFLPÖRF.

Í Keflavík og Njarðvíkum voru um 1700 íbúar í árslok 1942. Verði raforkan síðar notuð til húsahitunar í Keflavík og Njarðvíkum, auk venjulegra heimilisnota og smá-iðnaðar, má gizka á um 1000 watt aflu notkun á hvern íbúa, eða um 1700 kW miðað við framannefndan mannfjölda. Auk þessara notkunarmöguleika kemur til athugunar, að í Keflavík og Njarðvíkum eru nú allmögorg frystihús og annar iðnaður, sem þarfnaðast mjög

verulegrar raforku.

Rafmagnspörfina í heild, til heimilisnota og til iðnaðarins, er ekki unnt að áætla með neinni verulegri nákvæmni fram í tímann, þar sem forsendurnar fyrir slíkum áætlunum er jafnan að breytast, en með hliðsjón af núverandi aðstæðum óg af framansögðu skal hér gizkað lauslega á, að í Keflavík og Njarðvíkum þurfi samtals

1. til heimilisnota, húsa hitunar að mestu og til iðnaðar 2000 - 2500 kílówött, eða
2. til heimilisnota, lítilsháttar húsa hitunar og til iðnaðar 1000 - 1500 kílówött.

Annars staðar á Reykjanesskaga munu hafa verið um 1900 manns í árslok 1942, eða samtals um 3600 manns á öllum skaganum.

Með svipuðum forsendum og hér á undan má þá gizka lauslega á rafmagnspörf á öllum skaganum:

1. til heimilisnota, húsa hitunar að mestu og til iðnaðar 4000 - 5000 kílówött, eða
2. til heimilisnota, lítilsháttar húsa hitunar og til iðnaðar 2000 - 3000 kílówött.

Pessar tölur, sem hér hafa verið nefndar, ber að sjálfsögðu ekki að skilja þannig, að rafmagnsnotkunin muni komast tiltölulega fljótt upp að hinum tilteknu mörkum og stöðvast síðan, heldur mun notkunin, eins og venja er til í nýjum veitum, vaxa frá lítilli byrjun og áframhaldandi eftir því sem aðstæður leyfa. Með tilliti til pessa verður því hér á eftir reiknað með nokkrum mismunandi álögum á háspennuveitu, og rannsakað hvaða spennur, víragildleikar og tilhögun að öðru leyti nenti bezt í hverju tilfelli. Pessi álög verða valin sem reikningsgrundvöllur: 2000, 4000 og 6000 kW.

III. SPENNA OG VÍRAGILDLEIKI HÁSPENNULÍNUNNAR.

Athugun á árlegum kostnaði háspennulínu.

Reikna má árlegan kostnað háspennulínunnar frá Hafnarfirði til Keflavíkur eftir formúlunni:

$$k = k_L + k_a \text{ kr./ári}, \dots \quad (1.)$$

þar sem k_L er árlegur kostnaður vegna vaxta, fyrningar, viðhalds og gæzlu línumunnar, en k_a er árlegur kostnaður vegna orkutapa í línumunni.

Í þessa formúlu má setja:

$$k_L = 0,01 (P_1 \cdot M + p_2 \cdot a \cdot kV + p_3 \cdot b \cdot 3q) L^1 \dots \quad (2.)$$

$$\text{og } k_a = \frac{0,0175 \cdot L}{q} \left(\frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \right)^2 (N + 8760 \cdot \sigma \cdot n) 10^6 \quad (3.)$$

Til þess að finna þann viragildleika er gefur minnstan árlegan heildarkostnað háspennulínunnar, þarf að finna "minimum" jöfnu (1.), þ.e. differensera k með tilliti til q . Falla þá burtu hinir "konstöntu" liðir $p_1 \cdot M$ og $p_2 \cdot a \cdot kV$, og fæzt, þegar $\frac{dk}{dq}$ er sett 0:

$$\frac{dk}{dq} = 0,01 p_3 \cdot b \cdot 3 \cdot L - \frac{0,0175 \cdot L}{q^2} \left(\frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \right)^2 (N + 8760 \cdot n \cdot \sigma) \cdot 10^6 = 0$$

$$\text{eða } q = 764 \cdot \frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \sqrt{\frac{N + 8760 \cdot \sigma \cdot n}{p_3 \cdot b}} \dots \quad (4.)$$

- 1) M er verð stólpa og þverarma (uppsettra) á hvern kílómeter, p_1 er árlegur kostnaður þeirra í % af stofnkostnaði þessa hluta. a er verð einangrara á kílómeter og kílovolt, kV er spenna línumunnar, p_2 er árlegur kostnaður einangraranna í % b er verð eirvírs og uppsetning hans, á hvern km. og mm^2 þvermáls, q er þvermál virsins í mm^2 og p_3 er árlegur kostnaður virsins í %. L er lengd línumunnar í km.; hér er reiknað með 37 km. línlengd.

- 2) MVA er álag línumunnar í 1000 kVA. N er verð hvers ársílowatts í kr. við upphaf línumunnar (í Hafnarfirði). σ er stuðul er akveðst af fasvíkinu og nýtingartíma mesta álags. Hér verður reiknað með $\cos \phi = 0,95$ og nýtingarstuðli $\beta = 0,5$ (þ.e. 4380 klst./ári), en af því leiðir að $\sigma = 0,31 \cdot n$ er verð hverrar kwst. í kr.

Með hliðsjón af þeim gögnum sem eru fyrir hendi, skal hér reiknað með leiðslukostnaði,¹⁾ er sé $b=60 \text{ kr}/\text{km} \cdot \text{mm}^2$.

Reiknað verður með því hér, að allur árlegur kostnaður vírsins verði 7% af stofnkostnaðinum, b, þ.e. að $p_3 = 7$

Með hliðsjón af því verði, sem raforkan er nú seld í aðveitustöð Hafnarfjarðar, skal fyrst reiknað með því hér, að hvert árskilowatt við upphaf línunnar í Hafnarfirði kosti 140 kr., þ.e. $N = 140$. Kilotwattstundin kostar þá 0,032 kr. miðað við 50% nýtingartíma mesta álags, þ.e. $n = 0,032$.

Ef framangreindar tölur eru settar inn í formúlu (4.), fæzt:

$$q = 764 \frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \sqrt{\frac{140 + 8760 \cdot 0,31 \cdot 0,032}{7 \cdot 60}} \\ = 560 \cdot \frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \text{ mm}^2 \quad \dots \dots \dots \quad (4. \text{ a})$$

Þetta samsvarar því, að straumurinn á hvern mm^2 eir-vírsins sé:

$$S = \frac{A \cdot 1000}{q \cdot 73 \cdot 560} = 1,03 \text{ amp/mm}^2$$

Sé formúla (4. a) leyst með tilliti til MVA, fæzt:

$$\text{MVA} = \frac{\text{kV} \cdot q}{560},$$

en af því leiðir, ef reiknað er með $\cos \phi = 0,95$, að

$$\text{kW} = \text{kVA} \cdot \cos \phi = 1000 \text{ MVA} \cdot \cos \phi = \frac{1000 \cdot 0,95}{560} \text{ kV} \cdot q$$

$$\text{eða } \text{kW} = 1,7 \cdot \text{kV} \cdot q \quad \dots \dots \dots \quad (5.)$$

Með þessari formúlu (5.) má reikna út hagkvæmasta álag, miðað við mismunandi spennur og víragildleika. Í formúlunni er, eins og áður er tekið fram, reiknað með verði raforkunnar $N = 140 \text{ kr/árskw}$. Með breyttu verólagi raforkunnar breytist stuðullinn í formúlunni að sjálfsögðu.

Jafnframt þeim útreikningum sem hér hafa verið raktir,

1) þ.e. verði eirvírs og upsetningu hans, sbr. skilgreiningu bls. 3

þarf að athuga spennufallið í línunni sérstaklega. Með tiliti til þess, að lengd línunnar er aðeins um 37 km, má reikna spennufallið með nægilegri nákvæmni þannig:

$$\Delta U\% = \frac{L \cdot kW \cdot Z}{10 \cdot kV^2} = 3,7 \frac{kW \cdot Z}{kV^2}, \dots \quad (6.)$$

þar sem $Z = r \cos \varphi + x \sin \varphi$.

Hér verður reiknað með $\cos \varphi = 0,95$ og $\sin \varphi = 0,312$. Viðnámið, r , og "reaktansinn", x , á hvern kilómeter við mismunandi víragildleika (og með 1,5 m meðalfjarlægð milli víra), verða þá:

Fyrir 25 mm^2 eirvír $r = 0,696, x = 0,403$

| | | | | |
|---|-----|---|---|------------------------|
| " | 35 | " | " | $r = 0,498, x = 0,393$ |
| " | 50 | " | " | $r = 0,348, x = 0,381$ |
| " | 70 | " | " | $r = 0,249, x = 0,370$ |
| " | 95 | " | " | $r = 0,184, x = 0,360$ |
| " | 120 | " | " | $r = 0,145, x = 0,353$ |

Samkvæmt þessu fæzt:

Fyrir 25 mm^2 eirvír $Z = 0,787$

| | | | | |
|---|-----|---|---|-------------|
| " | 35 | " | " | $Z = 0,596$ |
| " | 50 | " | " | $Z = 0,450$ |
| " | 70 | " | " | $Z = 0,351$ |
| " | 95 | " | " | $Z = 0,287$ |
| " | 120 | " | " | $Z = 0,248$ |

Nú skulu valdar nokkrar málspennur, 22, 33, 44 og 66 kV og víragildleikar frá 25 til 120 mm², og síðan reiknað út hagkvæmasta álag (miðað við árlegan heildarkostnað línunnar) og tilsvarandi spennufall í hverju tilfelli, skv. formúlunum (5.) og (6.). Niðurstöður þessara útreikninga eru sýndar í eftirfarandi töflu.

Tafla 1.

Taflan sýnir hagkvæmustu álög á háspennulinunni til Keflavíkur við mismunandi spennur og viragildleika, miðað við rafmagnsverðið $N = 140 \text{ kr./árskw.}$ og $S = 1,63 \text{ amp./mm}^2$. Ennfremur eru reiknuð út tilsvarandi spennufölli.

| Eirvirk q mm ² | 22 kV | | 33 kV | | 44 kV | | 66 kV | |
|---------------------------------|-------|-----|-------|-----|-------|-----|-------|-----|
| | kw | ΔU% | kw | ΔU% | kw | ΔU% | kw | ΔU% |
| 25 | 935 | 5,6 | 1400 | 3,7 | 1870 | 2,8 | 2800 | 1,9 |
| 35 | 1310 | 6,0 | 1965 | 4,0 | 2620 | 3,0 | 3930 | 2,0 |
| 50 | 1870 | 6,4 | 2800 | 4,3 | 3740 | 3,2 | 5600 | 2,1 |
| 70 | 2620 | 7,0 | 3930 | 4,7 | 5240 | 3,5 | 7860 | 2,3 |
| 95 | 3550 | 7,8 | 5330 | 5,2 | 7100 | 3,9 | 10660 | 2,6 |
| 120 | 4490 | 8,5 | 6730 | 5,7 | 8980 | 4,2 | 13460 | 2,8 |

Eins og vikið er að í byrjun greinargerðarinnar, má gera ráð fyrir, að rafmagnsnotkunin í hinni nýju veitu vaxi frá litilli byrjun áframhaldandi um lengri tíma. Nú skulu tekin til athugunar þrjú hugsanleg stig þessarar þróunar:

- 1) 2000 kw mesta álag á háspennuveitunni
- 2) 4000 " " " "
- 3) 6000 " " " " "

Sú gerð háspennulinunnar, sem valin verður með hliðsjón af þessum álögum, þarf í hverju tilfelli að fullnægja eftifarandi skilyrðum:

1. að árlegur heildarkostnaður línumunnar verði sem minnstur, og
2. að spennufallið í línumunni verði eigi óhæfilega mikil.

Reiknað verður með því hér, að spennufall háspennulinunnar megi verða allt að 7%. Við athugun á töflu 1. sézt, að spennufallið við nagkvæmustu álögin er yfirleitt minna en 7%. Undantekningar frá þessu eru aðeins tvær, 22 kV, 3x95 mm² lína með

3550 kW álagi og 7,8% spennufalli, og 22 kV, $3 \times 120 \text{ mm}^2$ lína,
með 4490 kW álagi og 8,5% spennufalli.

Af töflu 1. má ráða, að eftirfarandi spennur og viragild-leikar koma til greina við hin tilteknu álög, 2000, 4000 og 6000 kW.

1) Fyrir 2000 kw mesta álag.

| | | | | | | |
|----|----|-----------------|----------------------------|---------------|----------------------------|--------|
| 22 | kV | rekstursspenna: | $3 \times 50 \text{ mm}^2$ | eða | $3 \times 70 \text{ mm}^2$ | eirvir |
| 33 | " | " | : | 3×35 | " | " |
| 44 | " | " | : | 3×25 | " | " |
| 66 | " | " | : | | 3×25 | " |

2) Fyrir 4000 kw mesta álag.

| | | | | | | |
|----|----|-----------------|----------------------------|---------------|----------------------------|--------|
| 33 | kV | rekstursspenna: | $3 \times 70 \text{ mm}^2$ | eða | $3 \times 95 \text{ mm}^2$ | eirvir |
| 44 | " | " | : | 3×50 | " | " |
| 66 | " | " | : | 3×35 | " | " |

3) Fyrir 6000 kw mesta álag.

| | | | | | | |
|----|----|-----------------|----------------------------|---------------|-----------------------------|--------|
| 33 | kV | rekstursspenna: | $3 \times 95 \text{ mm}^2$ | eða | $3 \times 120 \text{ mm}^2$ | eirvir |
| 44 | " | " | : | 3×70 | " | " |
| 66 | " | " | : | 3×50 | " | " |

Af framangreindum niðurstöðum má þegar draga þá ályktun, að 22 kV háspennulína geti ekki talist til verulegrar frambúðar. En með tilliti til þess, að 22 kV spenna er til umráða við Hafnarfjörð, kemur til greina að byggja háspennulinuna með hærri spennu, en reka línuma fyrst um sinn, meðan álagið er hlutfallslega litið, með 22 kV spennu. Þessi möguleiki verður athugaður nánar síðar.

Til þess nú að fá endanlega skorið úr, hvaða gerðir háspennulinunnar beri að velja, miðað við þær forsendur sem hér hafa verið lagðar til grundvallar, er í eftirfarandi töflu 2. reiknaður út árlegur heildarkostnaður fyrir hverja þá gerð

línu, sem til greina kemur og valin nefur verið úr hér á undan.

Tafla 2.

Útreikningar árlegs heildarkostnaðar, k, fyrir ýmsar gerðir háspennulínu til Keflavíkur, skv. formúlum (1.), (2.) og (3.), miðað við $\cos\varphi = 0,95$, $\delta = 0,31$ og rafmagnsverð $N = 140$ kr./árskw. og $n = 0,032$ kr./kwst.

| Mesta álag kW | Reksturs- spenna kV | Lína gerð fyrir kV ₁ | Eirvír q mm ² | Spennu- fall $\Delta U\%$ | $0,01(p_1 \cdot M + p_2 \cdot a \cdot kV_1) \cdot L$ kr./ári | $0,01 \cdot p_3 \cdot b \cdot 3 \cdot q \cdot L$ = 466,2 · q kr./ári | $k_L = 0,01 \cdot (p_1 \cdot M + p_2 \cdot a \cdot kV_1 + p_3 \cdot b \cdot 3 \cdot q) \cdot L$ kr./ári | $k_a = \frac{0,0175 \cdot L \cdot (MVA)^2}{q + 8760 \cdot \delta \cdot n} \cdot 10^6$ kr./ári | $k = k_L + k_a$ kr./ári | Nr. |
|------------------|---------------------------|--|--------------------------------|---------------------------------|---|--|--|--|----------------------------|-----|
| 2000 | 22 | 33 ¹⁾ | 50 | 6,8 | 106.190 | 23.310 | 129.500 ¹⁾ | 27.000 | 156.500 ¹⁾ | 5 |
| " | " | " | 70 | 5,3 | " | 32.630 | 138.820 | 19.250 | 158.070 | 6 |
| " | 33 | " | 35 | 4,1 | " | 16.315 | 122.505 | 17.150 | 139.655 | 1 |
| " | " | " | 50 | 3,1 | " | 23.310 | 129.500 | 12.000 | 141.500 | 2 |
| " | 44 | 44 | 25 | 3,0 | 124.690 | 11.655 | 136.345 | 13.500 | 149.845 | 3 |
| " | " | " | 35 | 2,3 | " | 16.315 | 141.005 | 9.630 | 150.635 | 4 |
| " | 66 | 66 | 25 | 1,4 | 161.690 | 11.655 | 173.345 | 6.000 | 179.345 | 7 |
| ²⁾ | | 33 | 70 | 4,8 | 106.190 | 32.630 | 138.820 | 34.300 | 173.120 | 1 |
| " | " | " | 95 | 3,9 | " | 44.290 | 150.480 | 25.150 | 175.630 | 3 |
| " | 44 | 44 | 50 | 3,4 | 124.690 | 23.310 | 148.000 | 27.000 | 175.000 | 2 |
| " | " | " | 70 | 2,7 | " | 32.630 | 157.320 | 19.250 | 176.570 | 4 |
| " | 66 | 66 | 35 | 2,0 | 161.690 | 16.315 | 178.005 | 17.150 | 195.155 | 5 |
| " | " | " | 50 | 1,5 | " | 23.310 | 185.000 | 12.000 | 197.000 | 6 |
| 6000 | 33 | 33 | 95 | 5,9 | 106.190 | 44.290 | 150.480 | 56.600 | 207.080 | 4 |
| " | " | " | 120 | 5,1 | " | 55.940 | 162.130 | 44.800 | 206.930 | 3 |
| " | 44 | 44 | 70 | 4,0 | 124.690 | 32.630 | 157.320 | 43.400 | 200.720 | 1 |
| " | " | " | 95 | 3,3 | " | 44.290 | 168.980 | 31.800 | 200.780 | 2 |
| " | 66 | 66 | 50 | 2,3 | 161.690 | 23.310 | 185.000 | 27.000 | 212.000 | 5 |
| " | " | " | 70 | 1,8 | " | 32.630 | 194.320 | 19.250 | 213.570 | 6 |

1) Sé línan hinsvegar gerð fyrir 22 kV spennu, verður $k_L = 111.000$ og heildarkostnaðurinn $k = 138.000$ kr./ári

2) Hér er hugsanlegur möguleiki að hafa tvær 22 kV línur í stað einnar línu með hærri spennu. Miðað við að hvor lína væri með 22 kV spennu og 3×50 mm² eirvir, yrði árlegur heildarkostnaður beggja lína $k = 2 \times 138.000 = 276.000$ kr./ári, eða töluvert hærri en fyrir t.d. eina 33 kV línu með svipaðri flutningsgetu.

Framangreindar niðurstöður eru miðaðar við það, að verð hvers árskilowatts sé 140 kr., við línu-upphaf við Hafnarfjörð.

Nú skal athugað, hvaða áhrif hækkað verð rafmagnsins myndi hafa á hinum fengnu niðurstöður.

Ef gert er ráð fyrir rafmagnsverði, er sé $N=160$ kr./árskw. og $n=0,0365$ kr./kwst, og þessar tölur settar inn í formúlu (4. a) í stað $N=140$ og $n=0,032$, fæzt:

$$q = 599 \frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \text{ mm}^2 ;$$

ennfremur, þar sem $\text{MVA} = \frac{\text{kV} \cdot q}{599}$:

$$\text{kW} = \text{kVA} \cdot \cos \varphi = 1000 \text{ MVA} \cdot \cos \varphi = \frac{1000 \cdot 0,95}{599} \text{ kV} \cdot q = 1,59 \text{ kV} \cdot q$$

Samkvæmt þessu má reikna út hagkvæmustu álög og tilsvarandi spennuföll eins og áður, þannig:

Tafla 3.

Taflan sýnir hagkvæmustu álög á háspennulinunni til Keflavíkur við mismunandi spennur og víragildleika, miðað við rafmagnsverðið $N=160$ kr./árskw. Ennfremur eru reiknuð út tilsvarandi spennuföll.

| Eirvir q mm^2 | 22 kV | | 33 kV | | 44 kV | | 66 kV | |
|--------------------------------|-------|--------------|-------|--------------|-------|--------------|-------|--------------|
| | kW | $\Delta U\%$ |
| 25 | 875 | 5,2 | 1310 | 3,5 | 1750 | 2,6 | 2620 | 1,8 |
| 35 | 1225 | 5,6 | 1840 | 3,7 | 2450 | 2,8 | 3680 | 1,9 |
| 50 | 1750 | 6,0 | 2620 | 4,0 | 3500 | 3,0 | 5240 | 2,0 |
| 70 | 2450 | 6,5 | 3680 | 4,4 | 4900 | 3,3 | 7360 | 2,2 |
| 95 | 3330 | 7,3 | 4990 | 4,9 | 6650 | 3,7 | 9970 | 2,4 |
| 120 | 4200 | 8,0 | 6300 | 5,3 | 8400 | 3,9 | 12600 | 2,6 |

Af töflu 3. má sjá, að hagkvæmustu álög eru hér, með rafmagnsverði $N=160$ kr./árskw., nokkru lægri fyrir tilsvarandi spennur og víragildleika en skv. töflu 1., þar sem reiknað er með $N=140$ kr./árskw.

Tafla 3. sýnir þó, þrátt fyrir nokkru hærra rafmagnsverð, að hinar sömu spennur og viragildleikar og áður koma hér til athugunar.

Samkvæmt þessu er í eftirfarandi töflu 4. reiknaður út árlegur heildarkostnaður fyrir hinar sömu línum og taldar eru í töflu 2., en reiknað hér með $N=160$ kr./árskw., í stað $N=140$.

Tafla 4.

Útreikningar árlegs heildarkostnaðar, k, fyrir ýmsar gerðir háspennulínu til Keflavíkur, sbr. formúlur (1.), (2.) og (3.) og töflu 2., miðað við $\cos \varphi = 0,95$, $\delta = 0,31$ og rafmagnsverð $N=160$ kr./árskw. og $n=0,0365$ kr./kwst.

| Mesta álag kW | Rekst- urs- spenna kV | Lína gerð fyrir kV ₁ | Eir- vís- q ₂ mm ² | Spennu- fall U% | k _L (sbr.töflu 2) | k _a (sbr.töflu 2) | k = k _L + k _a kr./ári | Nr. skv. töflu 2 |
|---------------------|--------------------------------|--|---|-----------------------|---------------------------------|---------------------------------|---|------------------------|
| 2000 | 22 | 33 | 50 | 6,8 | 129.500 | 30.900 | 160.400 | 5 (5) |
| | " | " | 70 | 5,3 | 138.820 | 22.000 | 160.820 | 6 (6) |
| | " | " | 35 | 4,1 | 122.505 | 19.600 | 142.105 | 1 (1) |
| | " | " | 50 | 3,1 | 129.500 | 13.700 | 143.200 | 2 (2) |
| | 44 | 44 | 25 | 3,0 | 136.345 | 15.400 | 151.745 | 3 (3) |
| | " | " | 35 | 2,3 | 141.005 | 11.000 | 152.005 | 4 (4) |
| | 66 | 66 | 25 | 1,4 | 173.345 | 6.855 | 180.200 | 7 (7) |
| 4000 | 33 | 33 | 70 | 4,8 | 138.820 | 39.200 | 178.020 | 1 (1) |
| | " | " | 95 | 3,9 | 150.480 | 28.750 | 179.230 | 3 (3) |
| | 44 | 44 | 50 | 3,4 | 148.000 | 30.900 | 178.900 | 2 (2) |
| | " | " | 70 | 2,7 | 157.320 | 22.000 | 179.320 | 4 (4) |
| | 66 | 66 | 35 | 2,0 | 178.005 | 19.600 | 197.605 | 5 (5) |
| | " | " | 50 | 1,5 | 185.000 | 13.700 | 198.700 | 6 (6) |
| | 33 | 33 | 95 | 5,9 | 150.480 | 64.600 | 215.080 | 4 (4) |
| 6000 | " | " | 120 | 5,1 | 162.130 | 51.300 | 213.430 | 3 (3) |
| | 44 | 44 | 70 | 4,0 | 157.320 | 49.600 | 206.920 | 2 (1) |
| | " | " | 95 | 3,3 | 168.980 | 36.300 | 205.280 | 1 (2) |
| | 66 | 66 | 50 | 2,3 | 185.000 | 30.900 | 215.900 | 5 (5) |
| | " | " | 70 | 1,8 | 194.320 | 22.000 | 216.320 | 6 (6) |

Samkvæmt töflunum 1. og 3. hér á undan komu að jafnaði tveir víragildleikar til greina fyrir hverja af spennunum 22, 33, 44 og 66 kV, miðað við álögin 2000, 4000 og 6000 kW. Með töflunum 2. og 4. er nú fenginn samanburður árlegs heildarkostnaðar háspennulinunnar fyrir þessa tvo mismunandi víragildleika hverrar spennu.

Af töflunum 2. og 4. má m.a. draga þessar ályktanir:

1. Heildarkostnaður háspennulinunnar á ári hverju, miðað við tiltekna rekstursspennu og tiltekið mesta álag, er yfirleitt mjög svipaður fyrir þá tvo víragildleika línunnar sem til greina koma í hverju tilfelli.
Heildarkostnaðurinn er að jafnaði lítið eitt lægri með hinum grennri vírnum fyrir hverja spennu. Undantekning er aðeins með 33 kV spennu við 6000 kW, álag, en þar telst $3 \times 95 \text{ mm}^2$ línan lítið eitt dýrari á ári en $3 \times 120 \text{ mm}^2$ lína. Mismunurinn reiknast 150 kr./ári með rafmagnsverði $N=140$ kr./árskw. (sbr. töflu 2.) og 1550 kr./ári með $N=160$ kr./árskw. (sbr. töflu 4.); mismunurinn er þannig mjög lítill og kemur alls ekki til greina fyrir en álagið er komið allt að 6000 kW.
2. Spennufallið í linunni er alls staðar minna en 7%, og er því hvergi of mikið, skv. því sem áður er tiltekið (sbr. bls. 6)
3. Rafmagnsverðið hefur þau áhrif á árlegan heildarkostnað línunnar, að hækkandi rafmagnsverð veldur, að öðrum forsendum óbreyttum, lækkandi því á lagi, sem hagkvæmast er.

Petta atriði er sýnt nánar á meðfylgjandi linuriti 1.

Niðurstöðurnar af því sem hér hefur verið sagt og af þeim útreikningum sem gerðir hafa verið í þessum kafla, eru þá, að velja skuli úr töflunum 2. og 4. eftirfarandi víragildleika við

tilteknar spennur og tiltekin álög háspennulinunnar:

1) Fyrir 2000 kW mesta álag.

| | | |
|-----------------------|----------------------|--------|
| 22 kV rekstursspenna: | 3x50 mm ² | eirvír |
| 33 " " | : 3x35 | " " |
| 44 " " | : 3x25 | " " |
| 66 " " | : 3x25 | " " |

2) Fyrir 4000 kW mesta álag.

| | | |
|-----------------------|----------------------|--------|
| 33 kV rekstursspenna: | 3x70 mm ² | eirvír |
| 44 " " | : 3x50 | " " |
| 66 " " | : 3x35 | " " |

3) Fyrir 6000 kW mesta álag.

| | | |
|-----------------------|----------------------|--------|
| 33 kV rekstursspenna: | 3x95 mm ² | eirvír |
| 44 " " | : 3x70 | " " |
| 66 " " | : 3x50 | " " |

Eins og sjá má af þessum niðurstöðum, eru enn nokkrir möguleikar eftir um gerð háspennulinunnar, er til greina koma við hvert hinna tilgreindu áлага línunnar. Til þess að skera úr um hagkvæmustu gerð háspennuveitunnar í heild, þarf hins vegar að sjálfsögðu jafnframt að athuga kostnað nauðsynlegra aðalspennustöðva við enda háspennulinunnar. Fyrr verður ekki valið endanlega milli framangreindra möguleika um gerð línunnar.

Í næsta kafla verður því kostnaður aðalspennistöðvanna tekin til athugunar á tilsvarandi hátt og hér hefur verið gert um háspennulinuna.

IV. AÐALSPENNISTÖÐVAR.

Í fyrri kafla eru niðurstöðurnar um gerð náspennulinunnar fengnar með þeim forsendum, að árlegur heildarkostnaður línumunnar verði sem minnstur í hverju tilfelli, jafnframt því að spennufallið verði eigi óhæfilega mikið. Líukostnaðinum, k , er skift þar í two liði, k_L vegna vaxta, fyrningar og viðhalds línumunnar, og k_a vegna orkutapa í línumuni.

Nú verður árlegum kostnaði aðalspennistöðvanna - en hann er kallaður hér k_s - skift á sama hátt í two liði, k_{s1} vegna árlegra vaxta, fyrningar og viðhalds spennistöðvanna, og k_{s2} vegna árlegra orkutapa í spennum. Samkvæmt þessu má skrifa:

$$k_s = k_{s1} + k_{s2} \quad \text{kr./ári} \dots \dots \dots \dots \dots \dots \dots \quad (7.)$$

Í þessa formúlu má setja:

$$k_{s1} = 0,01 \cdot p_s \cdot S \quad \text{kr./ári}^1) \dots \dots \dots \dots \dots \dots \dots \quad (8.)$$

og $k_{s2} = 87,6 \cdot \frac{kW}{\cos} \cdot (\mathcal{E}_{fe} + \sigma \cdot \mathcal{E}_{cu}) \cdot n \quad \text{kr./ári}^2) \dots \dots \dots \dots \dots \dots \dots \quad (9.)$

Vegna óvissu um allt verðlag, er ekki unnt að áætla stofnkostnað spennistöðva með neinni verulegri nákvæmni hér. Í eftirfarandi útreikningum verður miðað við ágizkun þá um verð spennistöðva, sem sýnd er á meðfylgjandi linuriti 2.

Við útreikning á kostnaði orkutapanna verður annars vegar miðað við rafmagnsverðið $N=140$ kr./árskw. og $n=0,032$ kr./kwst., og hins vegar við $N=160$ kr./árskw. og $n=0,0365$ kr./kwst., eins og áður.

- 1) S er stofnkostnaður spennistöðvar, en p_s er árlegur kostnaður vegna vaxta, fyrningar og viðhalds, talinn í % af stofnkostnaði. Her er reiknað með $p_s=10$.
- 2) kW er mesta álag spennistöðvar, en það er hér talið sama og fullt álag hennar. \mathcal{E}_{fe} er járntópin í % af fullu álagi spennis. \mathcal{E}_{cu} samsvarar eirtöpunum, reiknuðum í % við mest álag spennis. Stuðullinn σ , sem akveðst af fasvikinu og nýtingartíma mesta álags, reiknast hér 0,31, og cos er talin 0,95, eins og áður er gert.

Járn- og eirtöpin má ákveða með sæmilegri nákvæmni samkvæmt eftirfarandi töflu.

Tafla 5.

| Stærð spennis MVA | Hærri spennan: 6,6 eða 11 kV | | Hærri spennan: 22 eða 33 kV | | Hærri spennan: 44 eða 66 kV | |
|-------------------------|---------------------------------|-------|--------------------------------|-------|--------------------------------|-------|
| | E fe % | Ecu % | E fe % | Ecu % | E fe % | Ecu % |
| 0,5 | 0,30 | 1,42 | | | | |
| 1,0 | 0,26 | 1,27 | 0,22 | 1,27 | | |
| 1,5 | 0,21 | 1,00 | 0,22 | 1,00 | 0,25 | 1,3 |
| 2,0 | | | 0,21 | 0,90 | 0,22 | 1,1 |
| 3,0 | | | 0,16 | 0,75 | 0,19 | 0,9 |
| 6,0 | | | | | 0,17 | 0,7 |
| 10,0 | | | | | 0,15 | 0,6 |

Með þeim forsendum, sem greint hefur verið frá hér að framan, má nú reikna út árlegan heildarkostnað þeirra gerða aðalspennistöðvanna, er til greina koma, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu 6.

Tafla 6.

Útreikningur árlegs heildarkostnaðar aðalspennistöðva, k_{S1}
 samkvæmt formúlum (7.), (8.) og (9.), miðað við $p_S = 10\%$, $\cos \varphi =$
 $0,95$, $\delta = 0,31$ og rafmagnsverð $N=140$ kr./árskw. og $n=0,032$ kr./kwst.

| Mestá álag kW | Hæzta spenna kV | Stofn- kostnaður skw. línu- riti 2 S kr. | $k_{S1} =$ $0,01 \cdot p_3 \cdot S$ $= 0,1 \cdot S$ kr./ári | E_{fe} | E_{cu} | $k_{S2} =$ $87,6 \frac{\text{kW}}{\cos \varphi}$ $(E_{fe} + E_{cu}) \cdot n$ kr./ári | $k_s =$ $k_{S1} + k_{S2}$ kr./ári |
|---------------------|-----------------------|---|--|----------|----------|---|---|
| 2000 | 22 ¹⁾ | 420.000 | 42.000 | 0,21 | 0,9 | 2.880 | 44.880 |
| " | 33 | " | " | " | " | " | 44.880 |
| " | 44 | 470.000 | 47.000 | 0,22 | 1,1 | 3.315 | 50.315 |
| " | 66 | 530.000 | 53.000 | " | " | " | 56.315 |
| 4000 ²⁾ | 33 | 630.000 | 63.000 | 0,21 | 0,9 | 5.770 | 68.770 |
| " | 44 | 710.000 | 71.000 | 0,22 | 1,1 | 6.630 | 77.630 |
| " | 66 | 800.000 | 80.000 | " | " | " | 86.630 |
| 6000 ³⁾ | 33 | 830.000 | 83.000 | 0,21 | 0,9 | 8.650 | 91.650 |
| " | 44 | 940.000 | 94.000 | 0,22 | 1,1 | 9.960 | 103.960 |
| " | 66 | 1050.000 | 105.000 | " | " | " | 114.960 |

Af töflu 6. má sjá, að rafmagnsverðið hefur tiltölulega lítil
 áhrif á árlegan kostnað spennistövanna. Ef rafmagnsverðið hækkar
 t.d. úr 140 kr./árskw. upp í 160 kr./árskw., verður heildarkostnað-
 urinn eins og segir í töflu 7.

1) Spennirinn gerður fyrir 33 kV, með úttaki fyrir 22 kV

2) Miðað við 2 stk. 2000 kVA spenna

3) " " 3 " " "

Tafla 7.

Útreikningar árlegs heildarkostnaðar aðalspennistöðva, k_s ,
sbr. formúlur (7.), (8.) og (9.) og töflu 6., miðað við $p_2 = 10$,
 $\cos \varphi = 0,95$, $\delta = 0,31$, og rafmagnsverð $N=160$ kr./árskw. og $n=0,0365$
kr./kwst.

| Mesta álag kW | Hæzta spenna kV | k_{s1} (sbr.töflu 6) kr./ári | k_{s2} miðað við $n=0,0365$ kr./ári | $k_s =$ $k_{s1} + k_{s2}$ kr./ári | k_s skv.töflu 6 kr./ári | Hækun kr./ári |
|---------------------|-----------------------|--------------------------------------|--|---|---------------------------------|------------------|
| 2000 | 22 ¹⁾ | 42.000 | 3.290 | 45.290 | 44.880 | 410 |
| " | 33 | " | " | 45.290 | 44.880 | 410 |
| " | 44 | 47.000 | 3.780 | 50.780 | 50.315 | 365 |
| " | 66 | 53.000 | " | 56.780 | 56.315 | 365 |
| 4000 | 33 | 63.000 | 6.600 | 69.600 | 68.770 | 830 |
| " | 44 | 71.000 | 7.570 | 78.570 | 77.630 | 940 |
| " | 66 | 80.000 | " | 87.570 | 86.630 | 940 |
| 6000 | 33 | 83.000 | 9.880 | 92.880 | 91.650 | 1.230 |
| " | 44 | 94.000 | 11.400 | 105.400 | 103.960 | 1.440 |
| " | 66 | 105.000 | " | 116.400 | 114.960 | 1.440 |

Að fengnum þessum útreikningum á árlegum heildarkostnaði aðal-spennistöðvanna, verður að lokum, í næsta kafla, reiknaður út árlegur kostnaður allrar háspennuveitunnar.

NÍÐURSTÖÐUR UM HÁSPENNUVEITU TIL KEFLAVÍKUR (HÁSPENNULÍNU OG AÐAL-SPENNISTÖÐVAR).

Yfirlit um árlegan heildarkostnað háspennulínu og aðalspenni-stöðva, samkvæmt töflunum 2. og 6. hér á undan, er sett í eftir-farandi töflu 8.

Tafla 8.

Útreikningar á árlegum heildarkostnaði háspennuveitu til Keflavíkur, h, samkvæmt niðurstöðum um kostnað háspennulínu í töflu 2. og kostnað aðalspennistöðva í töflu 6., miðað við rafmagnsverð N=140 kr./árskw., og n=0,032 kr./kwst.

| Mesta álag háspennu- linu og spenna kW | Háspennulína | | | | | | Aðalspennistöðvar | | | Heildar- kostnaður háspennuveitu h= k+ k _s kr./ári | Nr. |
|--|---------------------------|---------------------------------------|--------------------------------|----------------------------|---|-----------------|------------------------|---|---|--|-----|
| | Reksturs- spenna kV | Lína gerð fyrir kV _l | Eirvír q mm ² | Spennu- fall ΔU % | Heildar- kostnaður línu k kr./ári | Tala | Hæzta spennan kV | Kostnaður einnar spenni- stöðvar k _s kr./ári | Kostnaður samtals k s kr./ári | | |
| 2000 | 22 | 33 | 50 | 6,8 | 156.500 | 1 ¹⁾ | 33 | 44.880 | 64.880 | 221.380 | 1 |
| " | 33 | " | 35 | 4,1 | 139.655 | 2 | " | " | 89.760 | 229.415 | 2 |
| " | 44 | 44 | 25 | 3,0 | 149.845 | " | 44 | 50.315 | 100.630 | 250.475 | 3 |
| " | 66 | 66 | 25 | 1,4 | 179.345 | " | 66 | 56.315 | 112.630 | 291.975 | 4 |
| 4000 | 33 | 33 | 70 | 4,8 | 173.120 | 2 | 33 | 68.770 | 137.540 | 310.660 | 1 |
| " | 44 | 44 | 50 | 3,4 | 175.000 | " | 44 | 77.630 | 155.260 | 330.260 | 2 |
| " | 66 | 66 | 35 | 2,0 | 195.155 | " | 66 | 86.630 | 173.260 | 368.415 | 3 |
| 6000 | 33 | 33 | 95 | 5,9 | 207.080 | 2 | 33 | 91.650 | 183.300 | 390.380 | 1 |
| " | 44 | 44 | 70 | 4,0 | 200.720 | " | 44 | 103.960 | 207.920 | 408.640 | 2 |
| " | 66 | 66 | 50 | 2,3 | 213.570 | " | 66 | 114.960 | 229.920 | 443.490 | 3 |

Sé hins vegar reiknað með rafmagnsverðinu N=160 kr./árskw., verða niðurstöðurnar eins og synt er í töflu 9.

1) Við 22 kV spennu á háspennulínunni þarf aðeins aðalspennistöð í öðrum enda línumnar, við Keflavík, þar eð 22 kV spenna er fyrir hendi við Hafnarfjörð. Við kostnað einnar spennistöðvar er bætt hér ágizkuðum kostnaði greinistöðvar vegna línumnar, við Hafnarfjörð.

Tafla 9.

Útreikningar á árlegum heildarkostnaði háspennuveitu til
Keflavíkur, h, samkvæmt niðurstöðum um kostnað háspennulínunnar í
töflu 4, og kostnað aðalspennistöðvanna í töflu 7., miðað við
rafmagnsverð N=160 kr./árskw. og n=0,0365 kr./kwst.

| Mesta álag háspennu- linu og spenna kW | Háspennulína | | | | Aðalspennistöðvar | | | Heildar- kostnaður $h =$ $k + k_s$ kr./ári | Nr. skv. töflu 8. |
|--|---------------------------|---------------------------------------|--------------------------------|--------------|-------------------|------------------------|---------------------------|--|-------------------------|
| | Reksturs- spenna kV | Lína gerð fyrir kV ₁ | Eirvír q mm ² | k kr./ári | Tala | Helzta spenna kV | k _s kr./ári | | |
| 2000 | 22 | 33 | 50 | 160.400 | 1 ¹⁾ | 33 | 65.290 | 225.690 | 1 (1) |
| " | 33 | " | 35 | 142.105 | 2 | " | 90.580 | 232.685 | 2 (2) |
| " | 44 | 44 | 25 | 151.745 | " | 44 | 101.560 | 253.305 | 3 (3) |
| " | 66 | 66 | 25 | 180.200 | " | 66 | 113.560 | 293.760 | 4 (4) |
| 4000 | 33 | 33 | 70 | 178.020 | 2 | 33 | 139.200 | 317.220 | 1 (1) |
| " | 44 | 44 | 50 | 178.900 | " | 44 | 157.140 | 336.040 | 2 (2) |
| " | 66 | 66 | 35 | 197.605 | " | 66 | 175.140 | 372.745 | 3 (3) |
| 6000 | 33 | 33 | 95 | 215.080 | 2 | 33 | 185.760 | 400.840 | 1 (1) |
| " | 44 | 44 | 70 | 206.920 | " | 44 | 210.800 | 417.720 | 2 (2) |
| " | 66 | 66 | 50 | 215.900 | " | 66 | 232.800 | 448.700 | 3 (3) |

Af töflunum 8. og 9. má m.a. draga eftirfarandi ályktanir:

1. Í útreikningunum hér á undan nefur verið miðað við það, að álag háspennulínunnar kynni að verða allt að 6000 kW í fyrirsjáanlegri framtíð.

Sé nú reiknað með 6000 kW mesta á lagi, verður niðurstaðan sú, samkvæmt töflum 8. og 9., að endanleg gerð háspennuveitunnar sé hagkvæmust með 33 kV háspennulinu og 3x95 mm² gildum eirvír.

1) Meðtalinn kostnaður greinistöðvar, sbr. töflu 8.

2. Það styður framangreint val á spennu háspennulinunnar, að skv. töflunum 8. og 9. eru 33 kV einnig hagkvæmust miðað við 4000 kW mesta álag. Skv. töflunum telst í þessu tilfelli hagkvæmast að nota $3x70 \text{ mm}^2$ eirvír. Enda þótt notaður væri einnig hér, við 4000 kW álag, $3x95 \text{ mm}^2$ eirvír, myndi árlegur kostnaður línumnar samt verða verulega lægri en með öðrum rekstursspennum.¹⁾
3. Við 2000 kW álag er, skv. töflunum 8. og 9. reksturskostnaður háspennuveitunnar lægstur með 22 kV rekstursspennu. Þetta stafar af því, að hér þarf, eins og áður er getið, aðeins spennistöð í öðrum enda línumnar, en hins vegar spennistöðvar í háðum endum línumnar með öðrum spennum.

Skv. töflu 8. er kostnaður veitu með 22 kV rekstursspennu (en 33 kV línu) og $3x50 \text{ mm}^2$ eirvír 221.380 kr./ári.

Til samanburðar má sjá af töflunni, að með 33 kV spennu og $3x35 \text{ mm}^2$ eirvír í línumni verður kostnaður veitunnar 229.415 kr./ári, eða aðeins um 3,6% hærri en 22 kV línumnar.

Með tilliti til þess, að mismunurinn á reksturskostnaði þessara tveggja tilhaganna er tiltölulega lítill, en hins vegar er flutningsgetan, miðað við 7% spennufall, um 65% meiri með 33 kV, $3x35 \text{ mm}^2$ línu en með 22, $3x50 \text{ mm}^2$ línu, kann að virðast heppilegra að byggja fyrst 33 kV línu, með $3x35 \text{ mm}^2$ eirvír, en síðar að skifta um víra, er þörf krefur, og setja $3x95 \text{ mm}^2$ eirvír í staðinn.

Til samanburðar við það sem hér hefur verið sagt um hagkvæmustu gerð háspennuveitunnar, skal að endingu, til frekara öryggis, athugað lauslega nokkuð önnur leið til ákvörðunar á gerð veitunnar.

¹⁾ Skv. töflu 2. er $3x95 \text{ mm}^2$ lína aðeins um 2500 kr./ári dýrari í rekstri en $3x70 \text{ mm}^2$ lína, miðað við 33 kV og 4000 kW.

Við útreikninga á hagkvæmustu víragildleikum línumnar hefur hér að framan verið lögð til grundvallar formúla (4.), bls. 3, en hún er þannig:

$$q = 764 \cdot \frac{MVA}{kV} \cdot \sqrt{\frac{N+8760 \cdot \vartheta \cdot n}{P_3 \cdot b}}$$

Ef jafnframt er athugað formúla (3.), má sjá, að liðurinn (N) í formúlu (4.) er settur vegna þeirrar hækjunar á mesta álagi í Hafnarfirði, er spennufallið í línumni veldur. Hins vegar er með liðnum ($8760 \cdot \vartheta \cdot n$) tekið tillit til þeirrar raforku (kwst.) er tapast í línumni vegna spennufallsins. Verði nú sú leið farin, þegar gjaldskrá veitunnar verður ákveðin, að miða raforkukostnaðinn eingöngu við mesta álag veitunnar á árinu, en að meta að öðru leyti ekki til peninga þær kílowattstundir er tapast í línumni vegna spennufallsins, kann að þykja réttera að sleppa liðnum ($8760 \cdot \vartheta \cdot n$) í formúlu (4.). Sé liðnum ($8760 \cdot \vartheta \cdot n$) sleppt er ekki tekið sérstakt tillit til þess, að spennufallið veldur meira eða minna auknu álagi veitunnar allan ársins hring, en af því leiðir, að vist er, að spennufallið stuðlar einnig að auknu mesta álagi ársins í orkuveri. Um venjuleg toppálög á veitunni væri hins vegar óvist, að þau félju saman við mesta álag ársins í orkuveri.

Með því að sleppa liðnum ($8760 \cdot \vartheta \cdot n$) er enn fremur gengið út frá því, að raforkan sé að mestu eða öllu leyti fengið frá vatnsaflsstöð án miðlunar, þar sem mesta álag ársins skiftir lang mestu mali um reksturskostnaðinn og þar með um rafmagnsverðið. Orkuverið við Sog er slik stöð án miðlunar, hins vegar er miðlun notuð í orkuverinu við Elliðaár. Komi síðar fleiri orkuver með miðlun í samband við Sogsveitukerfið (t.d. frá Andakílsá eða Hvalvatni við Hvalfjörð), verður að meta til peninga hverja þá kílowattstund sem kann að tapast í háspennulínum, eða annarsstaðar

i veitukerfum, án tillits til þess, hvort töpin stuðla að auknu mesta álagi í þessum orkuverum eða ekki.

Nú skal athugað lauslega, hvort það breyti fyrri niðurstöðum, ef liðnum (8760·d·n) er sleppt í formúlu (4.), en öðrum forsendum haldið óbreyttum.

Í stað formúlu (4. a), bls. 4, fæzt nú:

$$q = 441 \frac{\text{MVA}}{\text{kV}} \text{ mm}^2,$$

en af því leiðir, að formúla (5.), bls. 4, breytist þannig:

$$\text{kW} = 2,15 \cdot \text{kV} \cdot q$$

Með sömu spennum og álögum og áður, verða nú niðurstöðurnar um hagkvæmstu víragildleika þessar:

1) Með 2000 kW álagi.

a) 22 kV

$$q = \frac{\text{kW}}{2,15 \cdot \text{kV}} = 42,3 \text{ mm}^2$$

Skv. fyrri útreikningum valið: $q=50 \text{ mm}^2$

b) 33 kV

$$q = \frac{\text{kV}}{2,15 \cdot \text{kV}} = 28,2 \text{ mm}^2$$

Skv. fyrri útreikningum valið: $q=35 \text{ mm}^2$

2) Með 4000 kW álagi, 33 kV.

$$q = \frac{\text{kW}}{2,15 \cdot \text{kV}} = 56,4 \text{ mm}^2$$

Skv. fyrri útreikningum valið: $q=70 \text{ mm}^2$

3) Með 6000 kW álagi, 33 kV.

$$q = \frac{\text{kW}}{2,15 \cdot \text{kV}} = 84,6 \text{ mm}^2$$

Skv. fyrri útreikningum valið: $q=95 \text{ mm}^2$

Niðurstöður þessara samanburðar- athuganna & gefa ekki til-efni til að breyta fyrra vali á endanlegri gerð háspennulinunnar.

Að þessu athuguðu virðist því mega velja:

33 kV háspennulínu með $3 \times 95 \text{ mm}^2$ eirvir.

Fyrst um sinn sé hafður $3 \times 35 \text{ mm}^2$ eirvir í linunni, eða, ef miðað er við amerísk mál, sá víragildleiki sem næstur er, en það er 2 AWG = $33,6 \text{ mm}^2$

Að lokum skal gefið yfirlit um flutningsgetu háspennulinunnar með allt að 7% spennufalli:

1) Með 33 kV rekstursspennu og $3 \times 33,6 \text{ mm}^2$ eirvir.

getur línan flutt 3300 kW við 7% spennufall.

Sé hins vegar notuð 22 kV rekstursspenna fyrst um sinn, flytur línan tæplega 1500 kW, miðað við sama víragildleika og spennufall.

2) Með 33 kV rekstursspennu og $3 \times 95 \text{ mm}^2$ eirvir.

getur línan flutt 7200 kW við 7% spennufall

2. hluti:

GRINDAVÍKURVEITAI. INNGANGUR.

Í eftirfarandi greinargerð um Grindavíkurveitu, er hagkvæmasta tilhögun veitunnar reiknuð út eftir svipuðum leiðum og gert er um Keflavíkurveitu hér á undan. Forsendurnar eru í aðalatriðum hinum sömu í báðum tilfellum. Reiknað er með 33 kV spennu til frambúðar á háspennulínunni til Keflavíkur, samkvæmt niðurstöðunum um Keflavíkurveitu.

I. AFLFÖRF.

Íbúatala Grindavíkur mun vera um 600, eða um 1/6 hluti af mannfjölda alls Reykjanesskaga. Í áætluninni um Keflavíkurveitu hér á undan var reiknað með allt að 6000 kW fyrir allan skagann. Reiknað verður með svipuðum hlutföllum um notkunina í Grindavík, og gizkað á, að álag veitunnar kunni að komast upp í um 900 kW í fyrirsjáanlegri framtíð.

Samkvæmt þessu skulu eftirfarandi stig í aukningu rafmagnsnotkunarinnar lögð til grundvallar hér: 300, 600 og 900 kW.

I. HÁSPENNULÍNAN. SPENNUR OG VÍRAGILDLEIKAR.

Eins og sjá má af formúlum (4.) og (5.), bls. 3. og 4., er hagkvæmasta álag háspennulínu óháð lengd hennar. Samkvæmt formúlu (5.) er þá.

$$\text{kW} = 1,7 \cdot \text{kV} \cdot q$$

Í Grindavíkurveitu koma aðeins til athugunar lægri spennur eða spenna jafn há og á Keflavíkurlínu. Eftirfarandi spennur kunna því að koma til greina:

6,6, 11, 22 og 33 kV.

Lengd háspennulinunnar, frá Keflavíkurlínu (í nánd við Voga) til Grindavíkur, telst hér vera 18 km. Spennufallið má þá reikna út skv. formúlu (6.), bls. 5, ef sett er 1,8 í stað 3,7 (samsvarandi 37 km.) í formúluna, þannig:

$$\Delta U\% = 1,8 \frac{kW \cdot Z}{kV^2} \dots \dots \dots \dots \dots \dots \dots \quad (10.)$$

Ef reiknað er með allt að 900 kW álagi, þarf háspennulinan síðar meir að geta flutt það afl, án of mikils spennufalls. Hér skal reiknað með, að hæfilegt sé að leyfa ailt að 4% spennufall. Miðað við 900 kW álag, má skrifa formúlu (10.) þannig:

$$\Delta U\% = 1,8 \cdot 900 \cdot \frac{Z}{kV^2} = 1620 \cdot \frac{Z}{kV^2}$$

1) Við 6,6 kV fæzt:

$$\Delta U\% = 37,2 \cdot Z$$

Fyrir 95 mm^2 eirvir: $Z=0,287$ (sbr. bls. 5), $\Delta U\% = 10,7\%$

" 120 " " : $Z=0,248$ (" " "), $\Delta U\% = 9,2\%$

Af þessu má ráða, að 6,6 kV spenna getur ekki talist til frambúðar á Grindavíkurlínu, vegna of mikils spennufalls. Ef leyft er 4% spennufall, gæti 6,6 kV $3 \times 95 \text{ mm}^2$ lína aðeins flutt um 340 kW. Að þessu athuguðu verður ekki reiknað með 6,6 kV hér á eftir.

